

Sameinað Sílikon hf.
Flugvallarbraut 752
235 Reykjavanesbær

23. 09. 2015



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 21. október 2015
UST201509-135/S.P.
08.08.01

Efni: Færsla starfsleyfis

Vísað er til erindis Stakksbrautar 9 ehf., kt. 670212-0840 og Sameinaðs Sílikons hf., kt. 660214-1190, dags. 17. september 2015, þar sem óskað er eftir því að færa starfsleyfi, Stakksbrautar 9 ehf., útgefnu 3. júlí 2014 af Umhverfisstofnun, yfir á Sameinað Sílikon hf. Um er að ræða starfsleyfi fyrir framleiðslu fyrir allt að 100.000 tonnum á ári af hrákísli, allt að 38.000 tonnum af kísilryki og 6.000 tonum af kísilgjalli.

Í samræmi við 2. mgr. 27. gr. í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, hefur Umhverfisstofnun ákveðið að fallast á færslu starfsleyfisins. Með þessu færast öll réttindi og allar skyldur varðandi starfsleyfið til Sameinaðs Sílikons hf. Athygli er vakin á því að starfsleyfið gildir til 31. júlí 2030.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá nýjum rekstraraðila, Sameinuðu Sílikoni hf. samkvæmt 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar nr. 535/2015, kr. 27.500. Ákvörðunin tekur gildi við greiðslu gjaldsins.

Virðingarfyllst

Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri

Sigríður Kristjánsdóttir
Sviðsstjóri

STARFSLEYFI

Kísilframleiðsla, hrákisill

Sameinað Sílikon hf.¹

Stakksbraut 9, Reykjaneshús
(lögheimili Flugvallarbraut 752, Reykjaneshús)
Kt.: 660214-1190

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Stakksbraut 9 ehf., kt. 670212-0840, fyrir rekstur kísilverksmiðju á lóðinni að Stakksbraut 9 á iðnaðarsvæðinu í Helguvík. Stakksbraut 9 ehf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstri verksmiðjunnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verkata með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt. Starfsemi og frágangur skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða í tveimur ljósbogaofnum allt að 100.000 tonnum á ári af hrákisli (>98% Si / e. metallurgical-grade silicon) og allt að 38.000 tonnum af kísilryki og 6.000 tonnum af kísilgjalli. Rekstraraðila er heimilt starfrækja verkstæði og aðra þjónustu sem heyrir beint undir starfsemina.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd hluta eftirlits í samræmi við ákvæði greina 7.4 og 9.1 í reglugerðinni.

¹ Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út til Stakksbrautar 9 ehf., kt. 670212-0840, þann 3. júlí 2014, en var fært þann 21. október 2015, yfir á, nýjan rekstraraðila, Sameinað Sílikon hf., kt. 660214-1190, í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur farið fram vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

1.4 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (sambættar mengunarvarnir). Besta fáanlega tækni hefur verið skilgreind í „Reference Document on Best Available Techniques in the Non Ferreous Metals Industries, December 2001“. Einnig skal hafa skjalið „Best Available Techniques (BAT) Reference Document in the Non-Ferreous Metals Industries, Draft 3 (February 2013)“ til hliðsjónar.

Verði breytingar á bestu fáanlegu tækni skulu þær taka gildi í samræmi við ákvæði reglugerða og skal það gert ef við á samkvæmt ákvæðum í grein 1.8.

1.5 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.6 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun þegar rekstur hefst.

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar við útgáfu starfsleyfis og fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá tækjum, útbúnaði, húsnaði, rekstrarsvæði, geymum, lögnum, efnum og menguðum jarðvegi. Í áætluninni skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif. Varanleg rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Við lok rekstrar skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila um aðgerðir sínar samkvæmt áætluninni innan þriggja mánaða frá því að þeim lýkur. Gera skal Brunavörnum Suðurnesja viðvart um stöðvunina um leið og eftirlitsaðila.

Tilkynna skal eftirlitsaðila og Brunavörnum Suðurnesja um gangsetningu hafi rekstur verksmiðjunnar legið niðri í mánuð eða lengur eða reksturinn verið stórlega skertur.

Tilkynna skal eftirlitsaðila strax um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um það ef notkun hefst aftur hafi starfsemin legið niðri.

1.7 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Einnig er skyld að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskylt er sbr. gr. 1.5
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins
- Ef breytingar verða á bestu fáanlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu fáanlegu tækni skal

rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt

- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn. Rekstraraðila er þó ætið skyld að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1 og 1.4, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

Við endurskoðun starfsleyfisins skal tekið tillit til þess að kröfur í starfsleyfum fyrir séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist að mati eftirlitsaðila getur útgefandi starfsleyfis krafist endurskoðunar starfsleyfisins sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.8 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 26. gr. laganna.

Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tilteksins frests er eftirlitsaðila heimilt sbr. 1. mgr. 27. gr. laganna að ákveða rekstraraðila dagsektir eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila.

Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 3. tl. 1.mgr. 26. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tilteksins frests, að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila, eða afturkallað starfsleyfi reksturs.

Telji Umhverfisstofnun að um alvarlega hættu sé að ræða, og aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað og tilkynna það heilbrigðisnefnd svæðisins sbr. 29. gr. laganna.

1.9 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við VI kafla reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit. Rekstraraðili og Umhverfisstofnun skulu kynna almenningi niðurstöður samráðsfundar sbr. grein 4.9.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður skv. grein 1.3 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti.

Rekstraraðili skal kynna almenningi árangur mengunarvarna a.m.k. einu sinni á ári á opnum fundi, í fyrsta skipti í árslok næsta starfsár eftir upphaf rekstrar. Kynningin getur verið í samvinnu fyrirtækja á Helguvíkursvæðinu.

2. VARNIR GEÐN MENGUN YTRA UMHVERFIS

HRÁEFNI, ELDSNEYTI OG FRAMLEIÐSLUVÖRUR

2.1 Móttaka og flutningur hráefna

Við flutning á hráefnum skal rykmengun haldið í lágmarki, til dæmis með því að væta efnið. Færibond og flutningskerfi skulu vera yfirbyggð og fallhæð efna takmörkuð eins og kostur er. Við móttöku hráefna skal

sömuleiðis gæta að því að hráefnið spillist ekki að óþörfu, brotni eða skemmist. Síló og aðrir mögulegir rykmyndunarstaðir skulu útbúin með afsogskerfi og ryksöfnunarþúnaði.

Gott viðhald skal vera á færiböndum, sílóum og þess háttar mannvirkjum.

2.2 Hráefnisgeymslur, vörugeymslur og eldsneyti

Ef hráefni inniheldur fínt efni skulu hráefnisgeymslur vera lokaðar þannig að ekki sé hætt við rykmyndun og foki. Dugi það ekki til skal væta hráefnið með viðeigandi útbúnaði. Nota skal yfirbyggð og lokuð kerfi og/eða ryksöfnunarþúnað þar sem hætta er á rykmyndun. Ef nauðsynlegt er að geyma hráefni eða framleiðsluvörur utandyra skal ganga þannig frá að ekki sé hætta á rykmengun eða annari dreifingu mengunar, þar með talið í frárennsli. Geymslur utandyra skulu vera afgirtar eða á annan hátt lokaðar, þar sem óviðkomandi er bannaður aðgangur.

Eldsneyti skal geymt í tönkum með lekavörn sem uppfyllir ákvæði reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Brennisteinn í eldsneyti skal vera í samræmi við það sem selt er á íslenskum markaði hverju sinni.

Frágangur lóðar skal vera snyrtilegur. Enginn mengandi efni mega leka í jarðveg.

LOFT

2.3 Hönnun og frágangur

Hönnun og rekstur verksmiðjunnar skal miðast við að halda rykmengun og annari mengun niðri. Engar rykuppsprettur mega vera án virkra mengunarvarna sem uppfylla kröfur um bestu fáanlega tækni.

2.4 Rykmengun vegna tiltekinna ferla

Meðferð efna í ferlum sem valdið getur rykmengun og/eða uppgufun skal fara fram í lokuðum rýmum eða eiga sé stað þar sem afsog tengist hreinsun ryks (sbr. einnig grein 2.5), t.d. hreinsivirki fyrir útblástur.

Ryksöfnunarþúnaður skal uppfylla kröfur um bestu fáanlegu tækni.

Ferlar sem valdið geta rykmengun og/eða uppgufun geta t.d. verið geymsla, gólfssóp, mölun, bræðsla, steyping, pökkun, flutningur, uppskipun og útskipun.

Rykagni í útblæstri af þessu tagi þar sem ákvæði greinar 2.5 gilda ekki, skal vera undir 30 mg/Nm^3 miðað við klukkustundar samfellda mælingu og eðlilegt loftmagn frá starfseminni. Árlegt meðaltal skal vera undir 20 mg/Nm^3 .

2.5 Hreinsun útblásturs

Virk hreinsun skal vera á útblæstri, t.d. með því að starfrækja reykhreinsivirki með pokasíum eða nota annan búnað til að fanga efnið, svo sem vothreinsun.

Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki. Umhverfismörk sem gilda utan lóðar skulu vera í samræmi við gildandi reglugerðir um loftgæði.

2.6 Hámarkslosun í útblæstri

Eftirfarandi losunarmörk gilda fyrir allt ryk og útblástur, hvort sem það er frá ofnum, aftöppun, hreinsun, íblöndun eða öðrum stöðum:

Mengunarþáttur	Losunarmörk (meðalgildi miðað við eðlilegt loftmagn frá starfseminni)
----------------	--

Ryk*

20,0 mg/Nm³

Skorsteinahæð, hiti útblásturs og útblásturshraði skulu duga til að uppfylla ákvæði laga og reglugerða um loftgæði. Tölurnar miðast við daglegt meðaltal eða meðalgildi hverrar lotu.

* Hér þarf að gera að minnsta kosti sex klukkustunda mælingu.

2.7 Losunarmörk sem tengjast heildarframleiðslu

Eftir fyrsta rekstrarár skal magn mengunarefna í útblásturslofti ekki vera yfir neðangreindum mörkum miðað við heildarframleiðslu:

Mengunarefni	Ársmeðaltal (kg/tonn Si)	Mánaðarmeðaltal (kg/tonn Si)
Ryk	3,0	4,5
Brennisteinsdíoxíð	20,0	30,0

2.8 Losunarmörk fyrir þungmálma, B(a)P og PCDD/PCDF

Heildarlosun eftirfarandi efna til lofts skal ekki vera yfir neðangreindum mörkum sem miðast við heildarlosun efnanna:

Mengunarefni	Heildarlosun á ári
Arsen (As)	5,5 kg
Blý (Pb)	4,0 kg
Kadmíum (Cd)	0,180 kg
Kopar (Cu)	1,20 kg
Króm (Cr)*	1,60 kg
Kvikasilfur (Hg)	1,40 kg
B(a)P	2,0 kg
Sink (Zn)	8,0 kg
PCDD/PCDF**	0,500 g

* Heildartala fyrir króm á hvaða formi sem er.

** g I-TEQ

VATN

2.9 Vatnsnotkun

Nýting á vatni skal vera eins góð og kostur er. Ekki er heimilt að nota sjó eða salt vatn til að rykbinda hráefni fyrir verksmiðjuna.

2.10 Frárennsli og spennaolíuþró

Fráveitur skulu vera í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, og ákvæði í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, og þannig að ákvæði reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, séu uppfyllt. Seyru og annan úrgang í hreinsibúnaði fráveitu, skal fjarlægja eftir þörfum.

Mengunarvarnir í fráveituvatni og kælivatni skulu vera fullnægjandi til að uppfylla eftirfarandi kröfur um losun til sjávar:

Efnispáttur	Hámarksstyrkur (mg/l)
Olía og fita	< 15,0
Svifagnir	< 50

Undir rafspennum skal vera til staðar þró sem tekur við spennaolíu stærsta spennis ef leki verður á olíu.

2.11 Lagnir

Frágangur á geymum og lögnum fyrir eldfima vökva skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Þar sem unnið er með olíur skal fráveita eftir því sem kostur er vera lokað. Lagnir skulu þannig frágengnar að hægt sé að kanna fyrirvaralaust hvort þær leki.

2.12 Olíuskiljur

Frárennsli sem getur innihaldið olíu eða önnur olíukennd efni skal leitt í olíuskilju. Gott aðgengi skal vera til sýnatöku vegna frárennslis frá þeim. Styðjast skal við gildandi staðla um olíuskiljur varðandi frágang, eftirlit og viðhald. Gerð olíuskilja skal miðast við að ákvæði greinar 2.10 séu uppfyllt. Aðstaða skal vera til að taka sýni af fráveituvatni þar sem það kemur úr olíuskiljum.

ÚRGANGUR

2.13 Almennt

Rekstraraðili skal skrá allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Úrgangsmeðhöndlun skal samrýmast lögum nr. 55/2003 og reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs.

2.14 Nýting á afurðum

Fast efni sem ekki fer í sölu, endurvinnslu eða endurnýtingu getur verið eftirfarandi

- Uppsóp af fínefnum frá hráefnum
- Ónothæft kísilryk
- Óseljanlegt kísilgjall og málkleifar frá steypuskála
- Ónýtar múrfóðringar frá ofnum

Samanlagt efni af þessu tagi sem þarf að fara í viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang, sbr. grein 2.15, skal ekki nema meira en 900 tonnum á ári, reiknað sem meðaltal tveggja almanaksára.

2.15 Spilliefni

Skila skal til viðurkenndrar spilliefnamóttöku þeim spilliefnum sem verða til við vinnsluna eða starfsemi sem tengist henni. Ávallt skal gæta þess að ekki safnist upp birgðir af spilliefnum, enda er geymsla þeirra ekki heimil.

2.16 Annar úrgangur

Koma skal í veg fyrir myndun úrgangs eins og mögulegt er. Almennum framleiðsluúrgangi, fóðringum, gjalli, síuryki, sorpi og umbúðum skal skila á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang, þó aðeins ef ekki tekst að finna viðeigandi endurvinnslu eða endurnýtingu fyrir efnið.

Varanleg geymsla, urðun og brennsla hvers konar úrgangs á verksmiðjusvæðinu er óheimil.

ANNAÐ

2.17 Hávaði og titringur

Rekstraraðili skal draga úr hávaða og titringi frá verksmiðjunni eins og kostur er, til dæmis með reglulegum úrbótaverkefnum, og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða. Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skal ekki fara yfir 70 dB(A)LAEQ á iðnaðarsvæði og 55 dB(A)LAEQ í íbúðabyggð.

Eftirfarandi aðgerðir eru dæmi um aðgerðir sem til greina gætu komið sem úrbótaverkefni sbr. 1. málsgrein:

- yfirfara starfshætti til að draga úr hávaða,
- athuga hávaða sem verður til við meðhöndlun hráefna,
- gera skilrúm sem loka hávaða inni,
- tryggja að dyrum og gluggum sé lokað þegar hávaði er mestur.

2.18 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efninum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja ákvæðum gr. 4.4-4.6.

3. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

3.1 Mælingar og úttektir

Gera skal mæliáætlun um mælingar vegna krafna í 2. kafla þessa starfsleyfis, þar sem m.a. skal koma fram tíðni mælinga, mæliaðferðir og staðsetning mælinga. Mælingar skv. gr. 2.6 skal gera á hverju ári, nema mæliáætlunin geri ráð fyrir annarri tíðni. Ryk í útblæstri skal mæla í samfelldri mælingu. Heimilt er að nota efnagreiningar á innihaldi hráefna til að meta losun á brennisteinsdíoxið og þungmálmum (í stað beinna mælinga) til að fá út niðurstöður skv. greinum 2.7 og 2.8, þegar um er að ræða efni sem koma frá hráefnunum. Í útreikningum á losuninni skal ítarlega gera grein fyrir því hvaða forsendur eru notaðar til að meta hvernig einstök efni bindast í kísil og kísilgjall, kísilryk eða eru losuð í gasfasa. Tíðni efnagreininga á

innihaldi hráefna skal koma fram í mæliáætluninni. Rekstraraðili skal leggja áætlunina fram til samþykktar hjá Umhverfisstofnun.

Mæliáætlunina skal endurskoða reglulega og skal fyrsta áætlunin lögð fram a.m.k. 6 mánuðum áður en framleiðsla hefst. Lokið skal vera við að mæla alla mengunarþætti í 2. kafla starfsleyfisins innan eins árs frá því að framleiðsla hefst.

Hávaðamælingar eða úttektir á hávaða sbr. gr. 2.17 skal gera a.m.k. fjórða hvert ár, í fyrsta skipti innan árs eftir að starfsemi hefst.

3.2 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók, um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði,
- mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim,
- kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar,
- tæmingu olíugildra ásamt staðfestingu á förgun efnis úr þeim,
- magn og gerð efnis sem sem er sent er til endurvinnslu og endurnýtingar sbr. grein 2.13, ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar,
- prófun og kvörðun tækjabúnaðar,
- magn og gerð efnis sem sem er sent er til spilliefnamóttöku,
- nýtingu afurða sbr. gr. 2.14.

Niðurstöður hávaðamælinga skal senda eftirlitsaðila jafnóðum og þær liggja fyrir.

Niðurstöður mælinga og mat á útblæstri sbr. greinar 2.6, 2.7 og 2.8 skal senda í síðasta lagi 1. maí ár hvert vegna ársins á undan.

3.3 Framkvæmd mælinga

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Mælingar á útblæstri skulu miðaðar við að tekin séu marktæk útblásturssýni í að minnsta kosti hálfa klukkustund í einu ef ekki er sérstaklega getið um símælingu, dagleg meðalgildi eða aðra framkvæmd í starfsleyfi, í skýrslum um bestu fáanlega tækni eða öðrum viðmiðunum sem eiga við.

3.4 Grænt bókhald og útstremmisbókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald.

Rekstraraðili skal færa útstremmisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstremmisbókhald.

Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða.

4. EFTIRLIT, STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ

4.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi á umhverfið sem starfsemi verksmiðjunnar veldur, þ.m.t. starfshættir, hávaði, öll meðferð úrgangs og förgun. Rekstraraðili skal stuðla að góðri nýtingu efna og því að losun mengunarefna frá verksmiðjunni verði eins lítil og kostur er.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Setja skal umhverfismarkmið fyrir 1. september 2016 og endurskoða þau á fjögurra ára frest. Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum.

4.2 Samskipti

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og frankvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

4.3 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001 eða þáttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 334/2013, um frjálsa þáttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS), eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt skv. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999, að draga úr eftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

4.4 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækjar. Viðunandi viðbragðsáætlun skal fullnægia skilyrðum í lögum nr. 33/2004 og vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila. Rekstraraðili skal senda Mannvirkjastofnun og Brunavörnum Suðurnesja afrit af áætluninni. Viðbragðsáætlun skal endurskoða reglulega.

4.5 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skal gera nauðsynlegar lagfæringer. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. grein 4.4. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

4.6 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem leitt getur til umhverfistjóns skal tafarlaust hafa samband við 112. Tilkynna skal eftirlitsaðila og viðkomandi heilbrigðisnefnd um öll mengunaróhöpp sem orðið hafa, hvort sem þau hafa leitt til umhverfistjóns eða ekki.

4.7 Tryggingar vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni a.m.k. 12 mánuðum áður en framleiðsla hefst.

4.8 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

4.9 Samráðsfundur

Að minnsta kosti árlega skal rekstraraðili boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Suðurnesja á samráðsfund. Fyrir fundinn skal rekstraraðili leggja fram yfirlit yfir framgang skilyrða starfsleyfisins. Á þessum fundum verði m.a. rætt um rekstur mengunarvarna, niðurstöður mengunarmælinga, hugsanlega endurskoðun á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kynnu að hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til þess að ræða. Ofangreindir aðilar geta boðað til samráðsfundar oftar ef ástæða er til.

Fyrir fundinn skal rekstraraðili leggja fram yfirlit eða ársskýrslu um þau atriði sem fjallað er um í greinum 1.5 - 1.6, 3.1, 3.2, 4.1, 4.3 - 4.6, 5.1 og 5.2. Á þessum fundum verði m.a. rætt um rekstur mengunarvarna, niðurstöður mengunarmælinga, hugsanlega endurskoðun á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kynnu að hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til þess að ræða. Ofangreindir aðilar geta boðað til samráðsfundar oftar ef ástæða er til.

5. UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Vöktunarmælingar

Rekstraraðili skal standa fyrir eða taka þátt í vöktun á helstu umhverfisbáttum í nágrenni verksmiðjunnar í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt áætlun sem rekstraraðili leggur fram fyrir Umhverfisstofnun til yfirferðar og samþykktar a.m.k. einu ári fyrir gangsetningu verksmiðjunnar. Við gerð vöktunaráætlunar skal rekstraraðili leita umsagnar Reykjanesbæjar og Heilbrigðisnefndar Suðurnesja.

Fylgjast skal með loftgæðum, úrkomu, veðurfari, mengun í vatni, gróðri, jarðvegi og jarðvatni. Umhverfismörk loftgæða eru nánar tilgreind í reglugerðum um loftgæði.

Vöktunin skal taka mið af ákvæðum reglugerða sem lúta almennt að umhverfisgæðum, til dæmis eftifarandi reglugerðum:

- nr. 251/2002, um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings,
- nr. 410/2008, um arsen, kadmíum, kvikasilfur, nikkel og fjölhingga arómatísk vetriskolefni í andrúmslofti.

5.2 Aðrar rannsóknir

Aðrar mælingar eða rannsóknir til samanburðar við bakgrunnsrannsóknir sem talðar eru nauðsynlegar af Umhverfisstofnun og rekstraraðila skulu framkvæmdar samkvæmt sérstökum samningi milli þessara aðila.

5.3 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun skýrslu um umhverfisvöktun samkvæmt greinum 5.1 og 5.2 fyrir 1. maí ár hvert vegna ársins á undan ásamt mæliniðurstöðum skv. grein 3.1. Umhverfisstofnun getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum, óski rekstraraðili þess.

5.4 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenninu samkvæmt 5. kafla eða kostnað í samræmi við hlutdeild í losun ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 1. eftirlitsflokk samkvæmt 6. lið í fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 31. júlí 2030.

Reykjavík 21. október 2015²



Kristín Linda Árnadóttir

forstjóri



Sigriður Kristjánsdóttir

sviðsstjóri

² Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út þann 3. júlí 2014 til Stakksbrautar 9, ehf., kt. 670212-0840, en var fært yfir á Sameinað Sílikon hf., kt. 660214-1190, í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999, þann 21. október 2015.

VIÐAUKI

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun þegar rekstur hefst sbr. grein 1.6.
- Leggja skal fram mæliáætlun vegna krafna í 2. kafla starfsleyfisins a.m.k. 6 mánuðum áður en starfsemi hefst, sbr, grein 3.1.
- Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður hávaðamælinga jafnóðum og þær liggja fyrir og mælinga og mats á útblæstri í síðasta lagi 1. maí ár hvert vegna ársins á undan sbr. grein 3.2.
- Skila skal niðurstöðum græns bókhalds og útstremnisbókhalds árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða, sbr. grein 3.4.
- Samkvæmt grein 4.1 skal rekstraraðili setja sér umhverfismarkmið fyrir 1. september 2016 og endurskoða þau á fjögurra ára fresti.
- Í grein 4.7. segir að rekstraraðili skuli senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingu vegna bráðmengunar a.m.k. 12 mánuðum áður en framleiðsla hefst.
- Í grein 5.1 er kveðið á um að áætlun um vöktun á umhverfisálagi skuli lögð fram til Umhverfisstofnunar til yfirferðar og samþykktar a.m.k. einu ári fyrir gangsetningu verksmiðjunnar.
- Í grein 5.3 segir að rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun skýrslu um umhverfisvöktun samkvæmt greinum 5.1 og 5.2 fyrir 1. maí ár hvert vegna ársins á undan ásamt mæliniðurstöðum skv. grein 3.1. Umhverfisstofnun getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum, óski rekstraraðili þess.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

FYLGISKJAL

Ákvörðun losunarmarka í útblæstri:

- i. Losunarmörk í grein 2.6 eru ákvörðuð með hliðsjón af mörkum í öðrum starfsleyfum Umhverfisstofnunar í sambærilegum iðnaði.
- ii. Losunarmörk í grein 2.7 eru ákvörðuð með hliðsjón af mörkum í öðrum starfsleyfum Umhverfisstofnunar í sambærilegum iðnaði, en framleiðslutengdu rykmörkin ($kg/tonn Si$) taka einnig mið af því að um nýja verksmiðju er að ræða.
- iii. Losunarmörk efna í grein 2.8 eru leidd af umfjöllun úr skýrslu fyrir mat á umhverfisáhrifum við framleiðslu kísils í Helguvík. Þá eru mörk fyrir PCDD/PCDF og fengin með fyrirmund úr norskum starfsleyfum, til dæmis starfsleyfi Elkem Thamshavn AS og mörk fyrir kvikasilfur eru fengin frá raunlosun sömu verksmiðju.

(leyfi Elkem Thamshavn AS má finna hér (hlekkurinn var prófaður og virkaði 3. júlí 2014):

<http://www.norskeutslipp.no/WebHandlers/PDFDocumentHandler.ashx?documentID=16113&documentType=T&companyId=6074&aar=0&epslanguage=no>